



Ár 2014, þriðjudaginn 8. apríl 2014 kom stjórn SSNV saman til fundar á Mælifelli á Sauðárkróki, kl. 13:00.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Almenningsamgöngur
2. Fjarskiptaáætlun
3. Samstarf á vettvangi ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra
4. Samningar við landshluta – landshlutaáætlanir
5. Náttúrustofa Norðurlands vestra
6. Uppgjör og ársreikningar 2013
7. Önnur mál
 - a) Næsti fundur

Afgreiðslur:

1. Almenningsamgöngur. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem haldinn var hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með fulltrúum landshlutasamtaka 13. mars sl. Lagði fram til kynningar minnisblað Guðjóns Bragasonar frá 4. febrúar 2014.
2. Fjarskiptaáætlun. Lögð fram þingskjöl 592 og 593, vegna 171. og 172. máls, um fjarskiptaáætlun til fjögurra ára og tólf ára. Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi sem haldinn var vegna málsins með fulltrúum landshlutasamtaka þann 27. mars sl. Innanríkisráðuneytið hefur boðað sveitarstjórnarfólk á Norðurlandi vestra til samráðsfundar um fjarskipta- og samgönguáætlanir síðar í dag 8. apríl, kl. 16.
3. Samstarf á vettvangi ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra. Fyrir liggja drög að samningi við félög í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra sem hlotið hafa samþykki stjórnar ferðaþjónustufélaganna. Um er að ræða samstarfssamning til tveggja ára en undirbúningur verkefnisins hófst í ársbyrjun 2013. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að undirbúa að undirritun samningsins fari fram í Varmahlíð 10. apríl nk.kl. 14:30.
4. Samningar við landshluta – landshlutaáætlanir. Framkvæmdastjóri greindi frá því að boðað hefði verið til fundar 11. apríl nk. með fulltrúum landshlutasamtaka vegna landshlutaáætlana, menningar- og vaxtarsamninga. Farið var yfir stöðu samninga og nauðsyn þess að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir verkefni á Norðurland vestra.
5. Náttúrustofa Norðurlands vestra. Áður á dagskrá á fundi stjórnar 13. janúar 2014. Í framhaldi þess fundar hefur stjórn Náttúrustofu ritað sveitarfélögum á starfssvæðinu og stjórn SSNV kannað óformlega mögulegar leiðir til samstarfs um stofuna. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við formann stjórnar Náttúrustofu og bjóða stuðning SSNV við mótun og útfærslu samstarfsins í samráði við hagsmunaaðila.

6. Uppgjör og ársreikningar 2013. Fyrir liggja drög að ársreikningum 2013 fyrir menningarsamning og vaxtarsamning, unnin af KPMG. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því að lokið verði uppsetningu þeirra í samræmi við þær athugasemdir sem fram komu á fundinum. Fulltrúar Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar verði boðaðir til fundar en formaður og verkefnisstjóri um málefni fatlaðs fólks hafa á undanförunum dögum farið yfir rekstur þess málaflokks með sveitarfélögum á svæðinu. Í framhaldi verður gengið til gerðar ársreiknings fyrir SFNV og ýmsum formlegum frágangi vegna flutnings verkefnisins í Rætur bs.
7. Önnur mál:
 - a. Næsti fundur stjórnar verður þriðjudaginn 15. apríl 2014, kl. 09:00.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:35